

Alþingi
Erindi nr. P 127/1653
komudagur 5.4.2002

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 3. apríl 2002.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, þskj. 310 – 265. mál, 127. löggjafarþing 2001-2002.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og fylgja hér athugasemdir og ábendingar nefndarinnar.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, annars vegar á reglum um heimildir dómfellda til áfrýjunar á héraðsdómi og hins vegar á reglum laganna um skipan fleiri en eins héraðsdómara í tilteknum málum.

Hvað fyrra atriðið varðar er rétt að taka fram, að samkvæmt 2. grein 7. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu er heimilt að kveða á í lögum um undantekningar frá rétti til áfrýjunar, þegar um minni háttar afbrot er að ræða, en um slík brot væri að jafnaði að ræða, þegar ekki er dæmd frelsissvipting og einungis sekt undir áfrýjunarmörkum. Í annan stað er rétt að leggja áherslu á þá staðreynd, að þessi takmörkun, sem er að finna í 2. mgr. 150. gr. laganna er ekki fortakslaus, heldur eru heimiluð frá henni frávik, ef “sérstakar ástæður mæli með því”. Enda þótt tekist hafi að hraða mjög meðferð mála fyrir Hæstarétti Íslands á undaförnum árum, svo sem bent er á í frumvarpinu, telur laganefnd með vísan til ofangreindra sjónarmiða ekki ástæðu til þess að taka með öllu af áðurgreinda takmörkun á áfrýjunarheimild í refsímálum og gera áfrýjun heimila í öllum tilvikum, þar sem áfelli hefur verið dæmt, svo sem lagt er til í frumvarpinu.

Laganefnd vekur hins vegar athygli á því, að í sams konar ákvæði í 152 gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eru skilyrði fyrir veitingu áfrýjunarleyfis þau:

- a. úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi
- b. úrslit málsins varða mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis
- c. ekki er útilokað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi

Í stað þeirrar viðurhlutamiklu breytingar, sem lögð er til í frumvarpinu, þykir laganefnd margt mæla með því að sambærileg skilyrði og er að finna í lögum nr. 91/1991 yrðu tekin upp í 150. grein laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Með slíkri breytingu fengist við synjun á áfrýjunarleyfi afstaða réttarins til þess hvort dómi kynni að hafa verið breytt svo að einhverju nemi, en ekki aðeins, hvort “sérstakar ástæður” stæðu til að veita áfrýjunarleyfi eða ekki.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála getur dómstjóri ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í máli, þegar ákærði nietar sök og dómari

telur sýnt að niðurstaða kunni að ráðast að verulegu leyti af mati á sönnunargildi framburðar vitna fyrir dómi. Ekki liggur fyrir, að skort hafi þótt á beitingu þessarar heimildar, né liggur fyrir að framkvæmd ákvæðisins hafi sætt vandkvæðum. Fær laganefnd ekki séð, að ástæða sé til þess að breyta ákvæðinu á þann veg, sem lagt er til í frumvarpinu, að skylda dómstjóra í umræddum tilvikum til þess að ákveða að þrír héraðsdómarar skipi dóm í umræddum málum. Getur laganefnd því eigi heldur mælt með lögfestingu frumvarpsins að þessu leyti.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður